

# VERLAGSREGLUR LANDEYJAR EHF

## 1. Starfsemi félagsins

Landey ehf. er þróunarfélag fasteigna og tók til starfa haustið 2009. Markmið og tilgangur Landeyjar er að þroa og hámarka virði fasteigna félagsins og tengdra eigna. Landey mun stefna að því að selja eignir sínar á almennum markaði en mun þó ávallt taka mið af aðstæðum á markaði hverju sinni, þannig að sem hagkvæmast verð fáist fyrir eignirnar.

## 2. Fjárfestingar á vegum félagsins

Við fjárfestingu í fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga eru eftirfarandi meginreglur hafðar að leiðarljósi við mat á verðmæti eigna og ákvörðun kaupverðs:

- 2.1. Nota skal viðurkenndar verðmatsaðferðir eða eftir atvikum markaðsverð og skal verðmat eigna ávallt liggja fyrir áður en kaupsamningur er undirritaður.
- 2.2. Samfara mati og ákvörðun kaupverðs skal framkvæmd áreiðanleikakönnun á vegum félagsins, þar sem það á við.
- 2.3. Ef til þess kemur að Landey yfirtaki fasteignafélag skal lagt mat á stöðu þess, svo sem efnahag, rekstrarhorfur, skipulag og samkeppnisumhverfi. Gera skal grein fyrir markmiðum með kaupunum og rökstuðningur settur fram þar sem m.a. fram kemur hver er væntur ávinningur með kaupunum, hvernig stjórnskipulagi verði háttar og hver sé áætlaður eignarhaldstími.

## 3. Umsýsla og uppbygging eigna


Landey skal við umsýslu og uppbyggingu eigna sinna hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- 3.1. sýna ráðdeild í rekstri.
- 3.2. gæta að jafnræði í samskiptum við viðskiptamenn.
- 3.3. afmarka einstök verkefni eða einingar eins mikið fjárhagslega og kostur er.
- 3.4. ástunda vönduð vinnubrögð og tryggja gæði þeirra framkvæmda sem félagið stendur fyrir m.a. með samstarfi við sérfræðinga eftir því sem við á.

## 4. Sala og ráðstöfun eigna

- 4.1. Landey ákveður tilhögun á sölu eigna félagsins og skulu eignir þess tilteknar á heimasíðu félagsins.
- 4.2. Þegar eignir eru seldar er miðað við að hámarka söluandvirði viðkomandi eigna að teknu tilliti til þeirra markmiða sem félagið setur sér með sölunni. Þau markmið geta m.a. snúið að þekkingu, virðisauka, fjárhagslegum styrkleika og samlegð hugsanlegra kaupenda.
- 4.3. Landey er við framkvæmd söluferla heimilt að setja bjóðendum hæfisskilyrði er varðar fjárhagslegan styrk þeirra, auk annarra málefna legra skilyrða. Landey getur selt eignir eða eignarhlut sinn í heilu lagi eða hlutum eftir nánari ákvörðun stjórnar Landeyjar.

Þannig samþykkt í Reykjavík 15.10.2018



Birgir D. Þórssen  
Birgir Þórssen  
Birgir Þórssen